

Tillaga að breytingu á 2. Grein reglugerðar um leikkort og sjálfboðaliðakort.

Lagt er til að yfirstrikaðar línur falli brott.

2. gr.

Leikkort eru ætluð sjálfboðaliðum í golfhreyfingunni og öðrum velunnurum hreyfingarinnar.

~~Leikkortin skulu vera tvenns konar. a. Sjálfboðaliðakort b. Leikkort GSÍ.~~

Golfklúbbar sem eru með fulla aðild að Golfsambandi Íslands og hafa greitt fyrri hluta árgjalds til golfsambandsins skv. 13. gr. laga GSÍ fá úthlutað 14 leikkortum. Þó skulu golfklúbbar, sem hafa fleiri en einn 18 holu keppnisvöll, fá úthlutað allt að 24 leikkortum. Með keppnisvelli er átt við golfvöll, 9 eða 18 holur sem metinn hefur verið til forgjafar. Séu tveir eða fleiri golfklúbbar með sama heimavöll skulu golfklúbbarirnir skipta með sér kortunum. Golfklúbbarirnir skulu sjálfir ráðstafa leikkortunum til félagsmanna sinna og skulu þeir senda lista til GSÍ með nöfnum korthafa.

~~Sjálfboðaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 2.000 fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.~~

Leikkort GSÍ heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikinn hring. Þó aldrei lægri en 2000 krónur fyrir hvern leikinn hring. Undir GSÍ leikkort falla fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ og fjölmiðlafólk.

Stjórn Golfsamband Íslands hefur heimild til þess að úthluta allt að 140 sjálfboðaliðakortum og 210 GSÍ leikkortum.

Leikkort eru gefin út á nafn korthafa til eins árs í senn og ber korthafa að framvísa kortinu í hvert sinna sem hann notar kortið. Korthafar skulu framvísa persónuskilríkjum sé þess óskað.

GSÍ skal halda skrá yfir alla þá aðila sem fá leikkort og skal skráin ávallt vera uppfærð og aðgengileg á heimasíðu GSÍ.

Leikkort skulu vera einkennd með númeri til að auðvelda eftirlit með notkun þeirra.

Greinargerð: Með breytingartillögunni er gerð sú breyting að einungis er ein tegund leikkorta sem veitir 50% afslátt frá hæsta gjaldi.

Kári Sölmundarson, Formaður GO

Tillaga um breytingu á reglugerð um GSÍ kort

Reykjavík, 20. október 2023.

Neðangreindir golfklúbbar leggja fyrir Golfþing 2023 eftirfarandi breytingu á reglugerð um leikkort GSÍ.

1. Að Reglugerð um leikkort frá Golfþingi 23. nóvember 2019 verði felld út gildi og útgáfa sjálfboðaliðskorta og leikkorta verði hætt.

Ef ofangreind breyting gangi ekki eftir, leggjum við fyrir þingið eftirfarandi:

- a. GSÍ korthafar fái 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikin hring en þó aldrei lægri upphæð en 4000kr per mann.
- b. GSÍ korthafar þurfa að samþykkja skilmála GSÍ korta sem verða gefnir út ár hvert en þar kemur fram m.a. þau gjöld sem GSÍ korthafar greiða á hverjum golfvelli fyrir sig.
- c. Einungis má vera með eitt GSÍ kort á sínu nafni
- d. Einungis má nota GSÍ kort frá 15. maí til 15. september ár hvert
- e. GSÍ korthafar geta skráð sig í rástíma á GolfBox með tveggja daga fyrirvara

Ef a til f liðir tillagna okkar kemur til afgreiðslu viljum við leggja það undir Golfþing 2023 að þriðja málsgrein 2. greinar reglugerðar um leikkort falli niður og fjórða málsgrein sömu reglugerðar breytist og verði eftirfarandi, þ.a.s. að yfirstrikaður texti falli brott og undirstrikaður texti komi í staðinn auk viðbæta (gullitaður texti).

(þriðja málsgrein)

Sjálfboðaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 2.000 fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.

(fjórða málsgrein)

Leikkort GSÍ heimilar korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikinn hring. Þó aldrei lægri en 2000 4000 krónur fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar. Undir GSÍ leikkort falla fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ og fjölmiðlafólk.

Aðrir viðbætur / breytingar á reglugerðartexta

GSÍ korthafar þurfa að samþykkja notandaskilmála GSÍ til að fá kort.

Einungis má eitt GSÍ kort vera skráð á hvern aðila

GSÍ kort má nota frá 15. Maí til 15. September ár hvert

GSÍ korthafar geta skráð sig í GolfBox með tveggja daga fyrirvara

Golfklúbbur Brautarholts
Golfklúbbur Grindavíkur
Golfklúbbur Kiðjabergs
Golfklúbbur Suðurnesja
Golfklúbburinn Leynir

Tillaga 1 Reglugerð um Leikkort. Samþykkt á golfþingi 23. Nóvember 2019

Tillaga að breytingu á reglugerðinni í heild sinni:

Lagt er fyrir golfþing að framangreind reglugerð verði felld út gildi og Sjálfboðaliðakort og Leikkort GSÍ verði aflögð

Rökstuðningur:

Mikil umræða og orka hefur farið í Leikkort GSÍ á undanförunum golfþingum. Leikkortin eru mikilvægur hluti af umbun sjálfboðaliða golfhreyfingarinnar auk þess eru kortin mikilvæg fyrir GSÍ til að afla tekna inn í golfhreyfinguna. Á móti koma óánægjuraddir frá ýmsum klúbbum um ágæti þessara korta. Tillagan er lögð fram til þess að golfhreyfingin geti tekið upplýsta og ígrundaða ákvörðun um áframhald Leikkorta GSÍ.

Tillaga 2 Reglugerð um Leikkort. Samþykkt á golfþingi 23. Nóvember 2019

Núverandi 2. gr. þriðja og fjórða málsgrein:

Sjálfboðaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 2.000 fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.

Leikkort GSÍ heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikinn hring. Þó aldrei lægri en 2000 krónur fyrir hvern leikinn hring. Undir GSÍ leikkort falla fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ og fjölmiðlafólk.

Tillaga að breytingu á 2. gr. þriðja og fjórða málsgrein:

Sjálfboðaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 3.000 fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.

Leikkort GSÍ heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikinn hring. Þó aldrei lægri en 2000 krónur fyrir hvern leikinn hring. Undir GSÍ leikkort falla fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ og fjölmiðlafólk.

Rökstuðningur:

Með breytingu þessari er komið til móts við þau sjónarmið að leikkortin séu íþyngjandi fyrir ýmsa golfklúbba í ljósi þess að rástímar eru takmörkuð auðlind. Umrædd hækkun er umtalsverð eða 50%. Rástímar eru engu að síður lægri en helstu vinavallasamningar og er golfhreyfingin með þessum hætti að bjóða sjálfbærliðum sínum bestu mögulegu verð.

Agnar Már Jónsson.